



Tálknafjarðarskóli

# TÁLKNAFJARÐARSKÓLI

Skýrsla um innra mat skólaárið 2019-2020

júní 2020

<b>Inngangur</b>	<b>3</b>
Matsteymi	3
<b>Innra mat skólaárið 2019-2020</b>	<b>4</b>
Gæðaviðmið	4
Styrkleikar og veikleikar	5
<b>Nám og kennsla - Uppeldis- og menntastarf</b>	<b>6</b>
Gagnaöflun og greining	6
Ytra mats skimun á námi og kennslu	7
Grunnskólastig:	8
Leikskólastig:	8
Viðhorf nemenda - skólapúlsinn	10
Lesferill	14
Samræmd próf	16
<b>Stjórnun og fagleg forysta</b>	<b>16</b>
<b>Heildarskimun</b>	<b>17</b>
Gæði skólastarfs - út frá gæðaviðmiðum skólans	17
<b>Umbætur</b>	<b>19</b>
<b>Listi af gögnum</b>	<b>19</b>

## Inngangur

Skólaárið 2019-2020 hefur farið fram endurskoðun á fyrirkomulagi innra mats í Tálknafjarðarskóla. Skólinn setti það markmið að innra matið verði skiljanlegt, kerfisbundið og eðlilegur þáttur í starfsemi skólans og kjarni þess beinist að því að tryggja gæða nám og kennslu, trausta faglega stjórnun og vel skipulagt og gott innra mat. Lykilatriði væri að skólasamfélagið viti hvar styrkleikar og veikleikar í starfsemi skólans liggja á hverjum tíma og væri í eðlilegu samræmi við kröfur yfirvalda menntamála.

[Ytra mat](#) Menntamálastofnunar á gæðastarfi Tálknafjarðarskóla fór fram 2017 og eru það mikilvæg gögn við endurskoðun á innra mati skólans.

## Matsteymi

Skipað í janúar 2020.

Birna Hannesdóttir: skólastjóri

Birgitta Guðmundsdóttir: umsjónarkennari á grunnskólastigi

Elísabet (Bettý) Kjartansdóttir: deildarstjóri leikskólastigs

Jenný Lára Magnadóttir: fulltrúi foreldra

Berglind og Ólöf fulltrúar nemenda.

Teymið sér um **skipulag matsins** og **ber ábyrgð á framkvæmd** þess, allt frá skipulagningu til eftirfylgni við umbætur, í samráði við skólastjóra og ráðgjafa Tröppu.

Innra mat Tálknafjarðarskóla er:

### Kerfisbundið

Vegna þess að það er fyrirfram hugsað og skipulagt með langtíma áætlun. Skólinn hefur sett sér markmið og gæðaviðmið um innra mat og á næstu tveimur árum verður hringnum lokað með því að sett verða gæðaviðmið um nám og kennslu og stjórnun og faglega forystu.

Innra mati er lýst í starfsáætlun og skólanámskrá skólans.

### Markmiðsbundið

Tálknafjarðarskóli mun innleiða og aðgerðarbinda skólastefnu sveitarfélagsins veturinn 2020-2021 en mótun stefnunnar lýkur sumarið 2020. Ennfremur er unnið að því að markmiðabinda alla meginþætti innra mats.

### Samstarfsmiðað

Helstu hagsmunahópar; starfsfólk, nemendur og foreldrar eiga að hafa sitt að segja um skipulag og framkvæmd matsins og leitað verður til allra þessara hópa þegar gagna er aflað. Innra mat byggist á samræðu og ígrundun og hvetur þannig til samstarfs og þær áherslur eiga að birtast í ítarlegum áætlunum um framkvæmd matsþáttanna; innra mats, náms og kennslu og stjórnunar og faglegrar forystu.

### Samofið öllu skólastarfi

Gagna í innra mati er aflað í daglegu starfi þar sem kennarar stjórnendur og starfsmenn afla gagna um

nám, kennslu og velferð nemenda. Matið nær til allra þátta starfsins eins og mun birtast í ítarlegum áætlunum.

### Byggt á traustum gögnum

Gagnaöflun er vönduð og gagna er aflað sem best varpa ljósi á viðfangsefnið. Fjölbreytileiki gagna birtist í [langtímaáætlun](#) skólans um innra mat.

## Innra mat skólaárið 2019-2020

Megináhersla var lögð á að skipulag **innra mats** væri skýrt, markmiðabundið og viðmið skólans færð í orð. Ákveðið var að leggja ítarlega áætlun um innra mat fram og meta í lok skólaárs 2021 hvernig áætlunin gengi eftir. Í þessari skýrslu er mikilvægasti hluti innra matsins sú endurskoðun sem fram hefur farið út frá úttekt ytra matsins 2017.

## Gæðaviðmið

Það er metnaðarmál í Táknafjarðarskóla að allir þættir mats á leik- og grunnskólastigi taki mið af skýrum gæðaviðmiðum. Gæðaviðmið skólans eru í vinnslu matsteymis og verða sett fram jafnóðum og þau eru klár og samþykkt, þau byggja á gæðaviðmiðum MMS um gæða skólastarf. Innra mat er samofið öllu skólastarfi og stöðugt til umfjöllunar í öllu skólastarfi skólans. Kennarar, nemendur, foreldrar og fræðsluyfirvöld eru meðvitaðir um með hvaða hætti skólastarfið miðar stöðugt að því að uppfylla eigin gæðaviðmið.

Í vetur hefur innra matsteymið undir forystu skólastjóra og með stuðningi frá Tröppu ehf, sem sér skólanum fyrir sérfræðipjónustu samkvæmt samningi við Táknafjarðarhrepp, unnið eftirfarandi:

- **Innra mats teymi** skipað.
- Innra mat skólans er skipulagt í [langtímaáætlun](#) um innra mat sem gildir frá 2019 til 2024.
- Gæðaviðmið, tímaáætlun og yfirlit yfir mælitæki sem nýtt eru til að leggja mat á skólastarfið.
  - **Leikskólastig:**
    - Gæðaviðmið um **innra mat** í maí 2020
    - Gæðaviðmið um *stjórnun*
    - Gæðaviðmið um *uppeldis- og menntastarf (skólaárið 2020-2021)*
    - Gæðaviðmið um *leikskólabrag/mannauð/foreldrasamstarf*
  - **Grunnskólastig:**
    - Gæðaviðmið um **innra mat** í maí 2020
    - Gæðaviðmið um *stjórnun og faglega forystu*
    - Gæðaviðmið um *nám og kennslu (skólaárið 2020-2021)*
- **Umbótaáætlun í kjölfar nemendakönnunar** Skólapúlssins í 6.-10. bekk, tímasett og markmiðabundin.

- Foreldrakönnun var ekki lögð fyrir á þessu skólaári. Næsta vetur verður skipulag samráðs við foreldra hvað varðar mat á skólastarfi unnið og birt, m.a. rýnihópar, könnun. Slíkt samráð verði hér eftir árlega.
- Starfsmannakönnun
- Starfspróunarsamtöl 2x á ári-helstu niðurstöður (ekkert persónurekjanlegt).
- Kynning á skipulagi innra mats kynnt **skólaráði**.
- Skýrsla um innra mat kynnt starfsfólki skólans á **starfsmannafundi**.

## Styrkleikar og veikleikar

**Styrkleiki** innra mats Táknafjarðarskóla nú er að gæðaviðmið liggja fyrir fyrir innra mat, fyrsta innra mats skýrslan er tilbúin en ekki fullkomin heldur mun mótast í takt við gerð gæðaviðmiða. Margt hefur áunnist og allt til alls svo að innra mat og vinna með gæðaviðmið megi verða sjálfsagður þáttur í skólastarfinu frekar en áttak.

- Langtímaáætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann (3-5 ár) liggur fyrir.
- Langtímaáætlun endurspeglar að helstu þættir skólastarfsins eru metnir.
- Áætlun um innra mat fyrir viðkomandi skólaár liggur fyrir í ágúst.
- Í gögnum um innra mat kemur fram hverjir bera ábyrgð á framkvæmd innra mats
- Skólinn gerir grein fyrir hvernig markmið í stefnu skólans eru metin (á líka við um markmið um kennsluhætti).
- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna.
- Gagna er aflað með aðferðum er hæfa viðfangsefninu og þeim spurningum sem lagt er upp með.
- Nýlegar greinargerðir um innra mat eru aðgengilegar á heimasíðu skólans (fyrsta er tilbúin í júní).
- Eldri greinargerðir um innra mat eru aðgengilegar á heimasíðu skólans (þetta hefur ekki verið gert en nú er fyrsta tilbúin).
- Umbótaáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans og er sú fyrsta birt nú í júní í þessari greinargerð.
- Umbótaáætlun er tímasett og hún skilgreinir ábyrgðaraðila fyrir umbótunum.
- Tilgreint er í umbótaáætlun hvenær á að meta árangur aðgerða.
- Tilgreint er í umbótaáætlun hvernig á að meta árangur aðgerða.

**Veikleikar** innra mats er að innra mats teymið þarf að taka meiri forystu og ná eignarhaldi á viðfangsefninu, það er eðlilegt þegar teymið stígur sín fyrstu skref. Innra mats teymið þarf stuðning við að gera innra matið af reglubundnum þætti í skólastarfinu.

- Festa starfshætti innra mats teymis betur í sessi.
- Koma betra skipulagi á innra mat frá mánuði til mánaða og hvernig gögn eru meðhöndluð.
- Skipuleggja og samþætta innra mat betur við nám og kennslu, stjórnun og faglega forystu, þetta er á dagskrá.

## Nám og kennsla - Uppeldis- og menntastarf

Heildarendurskoðun á markmiðum, viðmiðum og tímaáætlun um **nám og kennslu og uppeldis- og menntastarf** fer fram á skólaárinu 2020-2021. Þá verður matspátturinn metinn út frá ítarlegri áætlun um matspáttinn "Nám og kennsla" (sjá drög hér). Starfsmannahópurinn mun koma að endanlegri gerð viðmiðanna undir leiðsögn innra mats teymisins. Foreldrar og skólaráð einnig. Þangað til að heildstæð viðmið liggja fyrir setur skólinn fram viðmið um þá þætti sem gögnin sem fyrir liggja endurspegla.

Þau viðmið sem nýtt verða til þess að meta stöðu náms og kennslu:

- [Matstæki GGÓ](#)
- Samræmdar mælingar (landsmeðaltöl).
- Skólapúlsinn (markmið skólans)

Samhliða ítarlegri vinnu í Táknafjarðarskóla með markmið og gæðaviðmið um alla þætti skólastarfsins hefur starfsmannahópurinn **þegar hafist handa við að vinna að auknum gæðum náms og kennslu, skipulags, utanumhalds og foreldrasamstarfs.**

*Í Matstæki um þróun skólastarfs - í anda hugmynda um einstaklingsmiðað nám, lýðræðislegt og nemendamiðað skólastarf og lærdómssamfélags (Skóla.- og frístundasvið RVK 2018) sem nær til sex þátta í skólastarfinu og lýst er á fimm stiga kvarða. Á 1. stigi má segja að lýst sé skólastarfi hér á landi eins og það var frá upphafi almenningskóla í þéttbýli og fram eftir 20. öldinni. Á 5. stigi er dregin upp framtíðarsýn um skólastarf miðað við hugmyndir um einstaklingsmiðað nám og samvinnu nemenda, lýðræðislegt skólastarf og lærdómssamfélag.*

Skólinn hefur þegar sett sér eftirfarandi viðmið;

- Kennarar og starfsfólks skólans hefur sett sér þau viðmið að skólastarf og skipulag sé á 5. stigi á flestum þáttum.
- Að niðurstöður Skólapúlsins séu 90% á jákvæðari nótunum (t.d. gott eða mjög gott) á öllum þáttum.
- Að á samræmdum mælingum mælist framfarir nemenda innan eðlilegra marka að minnsta kosti.

Komi í ljós við greiningu gagnanna sem liggja fyrir að staðan í hverjum þætti sé undir viðmiðum fara þeir þættir í úrbætur innan skólans hið fyrsta.

## Gagnaöflun og greining

Kennarar og starfsfólk mun koma saman á starfsdegi í byrjun skólaárs 2020-2021 og ígrunda hvar starfið með nemendum og foreldrum stendur miðað við matslista GGÓ. Á sama tíma reyna þau að

gera sér grein fyrir því hvað er gott í starfinu undir viðkomandi þáttum, hverju er óhætt að hætta og hvað þau þurfa að tileinka sér til að komast á 5. stig.

Greining kennara og starfsfólks á stöðu náms og kennslu á öllum stigunum; leikskóli, yngsta-, mið- og unglingastigi. Stuðningsfulltrúar gera sitt eigið mat.

Gagnaöflun	Greining
<ul style="list-style-type: none"> <li>● Þrjár spurningar verða lagðar fyrir hópana. <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Hvað er gott í starfinu og við ættum að gera meira af?</li> <li>○ Hvað er ekki gott og við ættum að hætta að gera strax?</li> <li>○ Hvað þurfum við að tileinka okkur til að komast á stig 5?</li> </ul> </li> </ul>	<p>Gott og gera meira af:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>●</li> </ul> <p>Hætta:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>●</li> </ul> <p>Komast á 5. stig:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>● Faglegan stuðning</li> <li>●</li> </ul>
<ul style="list-style-type: none"> <li>● Greining kennara og starfsfólks á stöðu náms og kennslu á öllum stigum.</li> <li>● Lagt mat á stoðir: <ul style="list-style-type: none"> <li>○ 3. Námsumhverfi</li> <li>○ 4. nemendur</li> <li>○ 5. kennarar</li> </ul> </li> </ul>	

- Hópanir munu aftur meta stöðu sína með sömu listum vorið 2021 og meta sínar eigin framfarir frá því að þessi greining var gerð.
- Árið 2020 verða sömu listar nýttir til þess að hver og einn kennari geti lagt mat á sína persónulegu stöðu og það rætt í starfspróunarviðtali. Skólastjórnendur munu einnig leggja mat á stöðu hvers og eins með skipulögðum heimsóknum til kennara.

## Ytra mats skimun á námi og kennslu

Þegar Trappa og Tálknafrjörður byrjuðu að vinna saman var ákveðið að setja markmið til þess að uppfylla [gæðaviðmið leikskóla](#) og [gæðaviðmið grunnskóla](#) og vera framúrskarandi skóli.

### Framúrskarandi skóli árið 2022:

- **Sýn og stefna** skólans sé skýr og skólasamfélagið allt viti hvert sé stefnt. Áhersla á samvinnu og **einstaklingsmiðað nám**.
- Kennarar séu í reglulegu **samstarfi** við aðra kennara í svipuðum störfum sem byggir undir fagþekkingu og viðhaldi faglegum starfsháttum.
- Skólastarf uppfylli öll skilyrði um **ytra mat** Menntamálastofnunar á þriggja ára fresti. **Sjálfsmat** (innra mat) sé virkur og eðlilegur þáttur skólastarfsins.

- Allir nemendur sýni ásættanlegar **framfarir** á milli ára. Námsárangri sé haldið til haga á sýnilegan hátt með þátttöku nemenda og foreldra.
- Kennsluaðferðir séu **fjölbreyttar** og skýr viðmið um **hlutfall kennsluhátta**. Starfshættir kennara séu í stöðugri endurskoðun.
- **Námsmat** sé fjölbreytt og skýr viðmið um hvar og hvernig það birtist. Nemendur og foreldrar taka virkan þátt í námsmati.
- **Samstarf** við foreldra og atvinnulífið sé reglulegt og sýnilegt og samfélaginu öllu til bóta.

## Grunnskólastig:

Í janúar komu út tvær skýrslur - önnur heitir "[Menntun fyrir alla – horft fram á veginn](#)" og er bæði merkileg og gagnleg. Skýrslan var unnin fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneyti af Háskólanum á Akureyri. Seinni skýrslan er búin til úr fyrri skýrslunni fyrir ráðherra og heitir "[Menntun til framtíðar](#)". Í báðum skýrslum er fjallað um **aðgerðir sem þarf að ráðast í til að bæta menntun** til framtíðar á Íslandi þurfi fyrst og fremst að miða að því að:

- Verkefni séu vitsmunalega krefjandi
- Nemendur nái árangri
- Hafi lýðræðislegan rétt til sjálfræðis og þátttöku í ákvörðunum um nám og annað skólastarf
- Séu fullgildir þátttakendur í skólastarfinu
- Að nám og kennsla beri skýr einkenni gæðastarfs
- Fjölbreytileiki sé virtur en ekki aðgreindur

**Við erum sem sagt á þeirri vegferð að styðja hvert annað við að bæta nám og kennslu á jákvæðan og uppbyggjandi hátt.**

Til þess að **meta hvar við erum stödd** hefur verið unnið að **innleiðingu** notkunar [matstækis Gerðar G. Óskarsdóttur](#) sem snýst um að byrja á því að staðsetja sig sjálfur á 1.-5. stigi og í framhaldinu metur ráðgjafi hver og einn kennara út frá vettvangsathugunum í kennslustundum. Markmiðið er að komast á 5. stig sem telst framúrskarandi. Í vetur er búið að innleiða matslistann, ræða um markmiðin og ákveða að næsta vetur (samkvæmt yfirliti innra mats 2020-2021) verður matstækið markvisst notað til að meta stöðu hvers og eins kennara.

## Leikskólastig:

Í vetur var byrjað að skoða skipulag leikskólastarfs í heild. Breytingar á deildarstjórn urðu skömmu eftir áramót og urðu nokkrar tafir á þeirri vinnu sem var farin af stað. Hins vegar fór vinna við skólastefnu á fulla ferð og þar verið að vinna að mótum sýnar alls skólastarfsins sem heild með áherslu á samstarf og samvinnu skólastiganna og samfellu í námi barna á mörkum skólastiganna. Endurskoðun alls starfs leikskólastigs fór aftur af stað eftir Covid19 ástandið og deildarstjóri leikskólastigs skimaði starfið út frá ytra mats [skimunarlista](#) í maí. Í lok maí hittust ráðgjafi og deildarstjóri og fóru sameiginlega yfir stöðuna út frá listanum og mátu næstu skref og innlegg í gæðaviðmiðsvinnuna næsta vetur. Formleg



vettvangsathugun og mat á stöðu skólans út frá listanum verður gert í september 2020. Samhliða innleiðingu skólastefnu verður unnið að mótum áhersla í starfi leikskólastigs. Það er mat deildarstjóra og ráðgjafa að **flestir þættir séu til staðar í flestum þáttum** en sem **dæmi** eru hér þættir sem þarfnast umbóta:

#### *Stjórnun, skipulag náms og námsaðstæður*

- Einkunnaorð/gildi leikskólans eru sýnileg.
- Stefna og gildi birtast í starfi á deildum.
  - Mat: **EKKI TIL STAÐAR en í vinnslu samhliða mótun skólastefnu.**
- Efniviður á deild endurspeglar margbreytileika mannlífsins (leikefni, bækur o.fl.).
  - Mat: **EKKI TIL STAÐAR** þarf að ákveða hvaða áherslur eiga að vera í efnivið.

#### *Uppeldi, menntun og starfshættir*

- Viðfangsefni sem börn hafa val um eru fjölbreytt og höfða til margvíslegra áhugasviða.
  - Mat: **EKKI TIL STAÐAR/má bæta og þá með áherslu á tækni og forritanotkun t.d.**

#### *Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna*

- Viðfangsefni sem börn hafa val um eru fjölbreytt og höfða til margvíslegra áhugasviða.
  - Mat: **TIL STAÐAR EN MÁ BÆTA**

#### *Námssvið leikskólans*

- Unnið er markvisst með eflingu vísinda.
- Unnið er markvisst með sjálfbærni.
  - Mat: **EKKI TIL STAÐAR/má bæta og setja í skipulag.**

#### *Leikskóli án aðgreiningar – margbreytileikinn*

- Umhverfið er aðlagað til að mæta þörfum allra barna.
  - **EKKI TIL STAÐAR/má bæta**, þarf að skoða sérstaklega hvernig þetta á að vera m.t.t. 1 árs til tveggja ára barna.

#### *Mannauður*

- Áherslur aðalnámskrár og skólanámskrár endurspeglast í starfinu.
  - Mat: **TIL STAÐAR EN MÁ BÆTA**, höfum aðalnámskrá til hliðsjónar en það á eftir að útfæra skólanámskrá fyrir allan aldur.

#### *Viðmót og menning*

- Engra umbóta þarfnast.

#### *Velferð og líðan barna*

- Reglur virðast skýrar og börnin þekkja þær.
  - Mat: **TIL STAÐAR EN MÁ BÆTA**, þarf að skipuleggja innanhúss betur.

## Viðhorf nemenda - skólapúlsinn

### Skólapúlsinn nemendakönnun

- Skólapúlsinn; nemendakönnun fór fram í október 2019 og apríl 2020. 18 nemendur tóku þátt í fyrra skiptið og svarhlutfallið var 86 %. Seinna skiptið tók 21 nemandi þátt og svarhlutfallið 100%. Samtals er því um að ræða 39 svör af 42 sem gerir svarhlutfall 93%. Greining gagna gerir ráð fyrir svör út frá heildinni, eða 39 svör en nemendur eru 21 talsins.
- Spurt var út í eftirfarandi þætti:
  - Virkni nemenda í skólanum
  - Líðan og heilsa
  - Skóla- og bekkjarandi
  - Opin svör

Hér er samantekt á svörum nemenda. Fyrir neðan hvern þátt er lagt mat á það hvort viðkomandi þáttur er innan eða utan viðmiða skólans um 90% ánægju (jákvæða svör). Þeir þættir sem ekki teljast 90% jákvæðir fara í umbótaferli.

Miklar umbætur - undir 90%	Meiri veikleikar en styrkleikar	Meiri styrkleikar en veikleikar	Flestir/allir þættir sterkir
----------------------------	---------------------------------	---------------------------------	------------------------------

Gagnaöflun	Greining
<b>Virknir nemenda í skólanum</b>	
<b>Ánægja af lestri</b>	22 nemendur af 39 lesa bara þegar þau <b>verða</b> að gera það. 27 nemandi af 39 telja lestur <b>ekki</b> vera í uppáhaldi 22 nemendur af 39 finnst <b>ekki</b> gaman að tala um bækur 28 nemendum af 39 finnst lestur vera <b>tímasóun</b> .  Á sama tíma kemur fram að: 31 nemandi af 39 verða ánægðir þegar þau fá bók að gjöf 20 nemendur af 39 finnst gaman að fara í bókabúð eða á bókasafn
<b>Mat</b>	Finna þarf leiðir til þess að auka ánægju nemenda á lestri. Niðurstöður gefa til kynna að nemendur hafi gaman að bókum en fá ekki viðfangsefni við hæfi í skólanum.
<b>Þrautseigja námi</b>	11 nemendur af 39 leggja <b>stundum</b> eins hart að sér og þeir geta þegar þeir læra en 27 gera það oft eða alltaf.

		<p>16 nemendur af 39 halda <b>stundum</b> áfram að læra þó að efnið sé erfitt en 22 gera það oft eða alltaf.</p> <p>11 nemendur af 39 gera <b>stundum</b> sitt besta að ná tókum á hæfni og þekkingu sem verið er að kenna en 28 gera það oft eða alltaf.</p> <p>13 nemendur af 39 leggja sig <b>stundum</b> alla fram en 26 gera það oft eða alltaf.</p>
Mat		Finna þarf leiðir til þess að auka þrautseigju nemenda í námi. Niðurstöður gefa til kynna að meirihluti sýni þrautseigju í námi eða 70%.
Áhugi stærðfræði	á	<p>29 nemendur af 39 hafa <b>ekki</b> gaman af því að lesa bækur og texta sem fjalla um tölur og útreikninga.</p> <p>26 nemendur af 39 hlakka <b>ekki</b> til stærðfræðitíma</p> <p>23 nemendur af 39 sinna <b>ekki</b> stærðfræðináminu af því að þeim finnst það gaman.</p> <p>24 nemendum af 39 finnst hafa <b>ekki</b> áhuga á því sem þeir læra í stærðfræði.</p>
Mat		Þarfnast úrbóta - finna þarf leiðir til þess að auka ánægju nemenda á stærðfræði. Finna þarf leiðir til að vekja áhuga þeirra.
Áhugi náttúrufræði	á	<p>19 nemendur af 39 finnst yfirleitt <b>ekki</b> gaman í náttúrufræði</p> <p>24 nemendur af 39 finnst <b>ekki</b> gaman að lesa um náttúrufræði.</p> <p>19 nemendur af 39 eru <b>ekki</b> ánægðir þegar þeir leysa verkefni í náttúrufræði.</p> <p>18 nemendur af 39 hafa <b>ekki</b> áhuga á náttúrufræði.</p>
Mat		Þarfnast úrbóta - finna þarf leiðir til þess að auka ánægju nemenda á stærðfræði. Finna þarf leiðir til að vekja áhuga þeirra.
Trú á eigin vinnubrögðum í námi		<p>37 nemendur af 39 telja sig geta einbeitt sér í kennslustundum.</p> <p>35 nemendur af 39 telja sig geta skipulagt námið sitt.</p> <p>9 nemendur af 39 telja sig geta <b>ekki</b> munað upplýsingar sem þeir fá í kennslustundum og námsbókum.</p>
Mat		Á góðri leið, skoða má leiðir til þess að aðstoða nemendur í námstækni til þess að muna upplýsingar sem þeir fá.
Trú á eigin námsgetu		<p>36 nemendur af 39 treysta sér til að geta lært íslensku.</p> <p>32 nemendur af 39 treysta sér til að geta lært stærðfræði.</p> <p>17 nemendur af 21 treysta sér til að geta lært dönsku.</p> <p>37 nemendur af 39 treysta sér til að geta lært ensku.</p> <p>38 nemendur af 39 treysta sér til að geta lært skólaípróttir.</p> <p>36 nemendur af 39 treysta sér til að geta lært náttúrufræði.</p> <p>35 nemendur af 21 treysta sér til að geta lært samfélagsgreinar</p> <p>34 nemendur af 39 treysta sér til að geta lært listgreinar.</p>

	36 nemendur af 39 treysta sér til að geta lært heimilisfræði. 34 nemendur af 39 treysta sér til að geta lært upplýsingatækni.
Mat	Á góðri leið, það sem helst þarf að efla enn frekar er að efla traust nemenda á að geta lært stærðfræði.
<b>Líðan og heilsa</b>	
<b>Sjálfsálit</b>	8 nemendur af 39 telja sig <b>ekki</b> hafa marga góða eiginleika. 7 nemendur af 39 telja sig <b>ekki</b> geta gert margt jafnvel og aðrir. 12 nemendur af 39 telja sig <b>stundum ekki</b> skipta neinu máli fyrir aðra. 10 nemendur af 39 eru <b>ekki</b> ánægðir með sjálfan sig.
Mat	Þarfnast úrbóta - finna þarf leiðir til þess að auka sjálfstraust nemenda.
<b>Stjórn á eigin lífi</b>	13 nemendur af 39 telja útilokað fyrir þá að leysa úr sumum vandamálum. 11 nemendur af 39 finnst að aðrir stjórni lífi sínu of mikið. 7 nemendur af 39 telja sig ekki hafa mikla stjórn á því sem kemur fyrir þá. 17 nemendur af 39 telja sig ekki vita hvað þeir eigin að gera þegar þeir standa frammi fyrir vandamálum.  Á sama tíma kemur fram að: 34 nemandi af 39 telja sig geta gert næstum allt sem þeir einbeita sér að.
Mat	Þarfnast úrbóta - finna þarf leiðir til þess að efla nemendur í að taka stjórn á eigin lífi og fá að taka þátt í að taka ákvarðanir sem snúa að þeim.
<b>Velliðan</b>	4 nemendur af 39 upplifðu ekki gleði daginn áður. 5 nemendur af 39 höfðu áhyggjur daginn áður. 5 nemendur af 39 voru oft daprir daginn áður. 3 nemendur af 39 voru oft niðurdregnir daginn áður. 4 nemendur af 39 upplifðu reiði daginn áður. 5 nemendur af 39 upplifðu stress daginn áður.
Mat	Á góðri leið, þó þarf að ná til þessa 10% sem upplifa erfiðar tilfinningar.
<b>Einelti</b>	8 nemendur af 39 telur að einhver hafi baktalað sig á seinustu 30 dögum. 4 nemendur af 39 telur sig hafa verið skilinn útundan á seinustu 30 dögum. 8 nemendur af 39 segja að hafa heyrt særandi orð á seinustu 30 dögum. 2 nemendur af 39 telja sig hafa verið beitt ofbeldi. 3 nemendur af 39 leið illa yfir því hvernig krakkar létu við sig eða sögðu um sig 1 nemandi taldi sig hafa orðið fyrir einelti í frímínútum og 2 annars staðar en í skólanum.

<b>Mat</b>	<b>Þarfnast úrbóta - einelti er ekki liðið í Táknafjarðarskóla !!</b>
<b>Tíðni hreyfingar og matarræði</b>	<p>9 nemendur af 39 taka <b>ekki</b> þátt í íþróttum í frímínútum.</p> <p>11 nemendur af 39 stunda <b>ekki</b> íþróttir utan skóla.</p> <p>8 nemendur af 39 hreyfa sig <b>ekki</b> þannig að þeir mæðist eða svitni utan skóla.</p> <p>Aðeins 1 nemandi af 39 borðaði aldrei ávexti á seinustu 7 dögum og 4 borðuð ekki grænmeti.</p> <p>22 nemendur af 39 tóku ekki vítamín eða lýsi á seinustu 7 dögum.</p> <p>3 nemendur af 39 borðuðu skyndibita oftast en 3 sinnum í viku.</p> <p>4 nemendur af 39 drukku gosdrykki oftast en 3 sinnum í viku.</p>
<b>Mat</b>	Finna þarf leiðir til þess að ýta undir hreyfingu nemenda utan skóla og styrkja vitund þeirra á eigin heilsu og matarræði.
<b>Skóla- og bekkjarandi</b>	
<b>Samsömun við nemandahópin</b>	<p>9 nemendur af 39 telja sig <b>ekki</b> tilheyra hópnum í skólanum.</p> <p>23 nemendur af 39 telja sig eiga auðvelt með að eignast vini.</p> <p>33 nemendur af 39 telja að aðrir líki vel við sig.</p>
<b>Mat</b>	Á góðri leið, mikilvægt er að vinna að meiri liðsheild innan nemandahópsins.
<b>Samband nemenda við kennara</b>	<p>37 nemendur af 39 telja sig semja við flesta kennara.</p> <p>39 nemendur af 39 telja að flestir kennarar séu áhugasamir um að nemendum líði vel.</p> <p>37 nemendur af 39 telja að flestir kennarar hlusti á það sem þeir hafi að segja.</p> <p>37 nemendur af 39 telja sig fá auka aðstoð frá kennara ef þeir biðji um það.</p> <p>38 nemendur af 39 telja að flestir kennarar séu sanngjarnir við sig.</p>
<b>Mat</b>	Á góðri leið, við viljum að allir nemendur eigi gott samband við alla kennara.
<b>Agi í tímum</b>	<p>5 nemendur af 39 telja að kennarinn þurfi að biðja lengi eftir að nemendur róist</p> <p>3 nemendur af 39 telja að nemendur geti ekki unnið vel.</p> <p>5 nemendur af 39 telja að nemendur hlusti ekki á kennarann.</p> <p>3 nemendur af 39 telja að nemendur byrji ekki strax að vinna.</p> <p>4 nemendur af 39 telja að það sé óróleiki og hávaði í kennslustundum.</p>
<b>Mat</b>	Á góðri leið, en betur má ef duga skal.
<b>Virk nemenda í tímum</b>	<p>7 nemendur af 39 telja sig ekki fá næg tækifæri að útskýra hugmyndir sínar eða koma skoðunum sínum á framfæri.</p> <p>20 nemendur af 39 telja að nemendur ræði <b>ekki</b> saman um námsefnið.</p>

Mat	Þarfnast úrbóta - auka þarf samstarf og samræðu nemenda um nám sitt og gefa þeim tækifæri að viðra skoðanir sínar.
Tíðni leiðsagnarmats	15 nemendur af 39 telja að kennarar láti <b>ekki</b> vita hve vel sér gangi í náminu. 21 nemandi af 39 telja að kennarar ræði <b>ekki</b> við sig um hvað gengur vel og hvað gengur illa í náminu. 17 nemendur af 39 telja að kennarar segir sér <b>ekki</b> hvað hann þurfi að gera til að ganga betur í náminu.
Mat	Þarfnast úrbóta - innleiða þarf aukið leiðsagnarmat til nemenda svo þeir hafi betri yfirsýn yfir eigið nám og hvað þeir geti gert til að bæta sig.
<b>Opin svör</b>	
Hvað er gott við skólann?	Allir þekkjast - lítill skóli Góður matur Rólegt og kennarar góðir Að geta verið með vinum sínum í skólanum Að það sé ekki heimanám Að allir hafi tölvur Góð þjónusta Nemendur geta komið skoðunum sínum á framfæri Útikennslan
Mat	Frábærir punktar !
Hvað er slæmt við skólann?	Mikill fíflangangur í kennslustundum Skólakerfið sjálft Vantar meiri kennslu í vísindum og landafræði Engin smíðastofa Má ekki vera með síma Lítill afþreying
Mat	Þarfnast úrbóta - skoða þarf þessa punkta.

## Lesferill

- Lesferill
- Hér má sjá niðurstöður síðustu þriggja ára í samanburði við landið.

Þegar litið er á niðurstöður úr Lesferli síðustu þriggja ára kemur í ljós að þegar á heildina er litið hafa niðurstöður Táknafjarðarskóla hafa verið stigvaxandi hvað varðar fjölda nemenda sem ná viðmiði 2 og 3. Skólinn nálgast óðum landsmeðaltal nemenda sem nær viðmiði 3. Á skólaárinu 2019-2020 var óvenju hátt hlutfall nemenda sem féll undir viðmiðin og matsteymi skólans metur það sem svo að vísbendingar séu um að skoða þurfi betur lestrarkennslu í skólanum hvað varðar þá nemendur. Hafa skal þó í huga að 2017-2018 og 2018-2019 voru yngstu nemendur skólans ekki lestrarprófaðir og sem getur skýrt að hluta til hærra hlutfall þeirra sem falla undir viðmið.

	2017-2018	2018-2019	2019-2020
LANDIÐ	%	%	%
Undir viðmiðum	23,2	23,5	22,7
Viðmið 1 - 90%	76,7	76,5	77,4
Viðmið 2 - 50%	34,6	34,6	37,4
Viðmið 3 - 25%	16,6	17,5	19,7
Heildarfjöldi	<b>41928</b>	<b>42930</b>	<b>43058</b>
	2017-2018	2018-2019	2019-2020
Táknafjörður	%	%	%
Undir viðmiðum	30,5	26,2	38
Viðmið 1 - 90%	72,2	73,8	64,1
Viðmið 2 - 50%	25	23,8	28,2
Viðmið 3 - 25%	13,9	14,2	15,4
Heildarfjöldi	<b>36</b>	<b>42</b>	<b>39</b>

## Samræmd próf

### Eðlilegar framfarir

Bregðast þarf við og skoða stöðu nemenda og starfshætti í kennslu - tryggja þarf að allir nemendur nái svipuðum eða meiri framförum en almennt gerist á landinu.

Bekkur	Framfarir minni en almennt gerist	Framfarir svipað og almennt gerist	Framfarir meiri en almennt gerist	Framfarir meiri en almennt gerist	talsvert almennt gerist
Fag	Ísl stæ	Ísl stæ	Ísl stæ	Ísl stæ	Ísl stæ
9.b	50% 0%	50% 100%	0% 0%	0% 0%	0% 0%

- Stefnan er að kennarar rýni sameiginlega í niðurstöður á samræmdum prófum og meti hvort nemendur hafi náð ásættanlegum framförum.
- Markmið er að allir nemendur skólans séu að sýna ásættanlegar framfarir. Þeir nemendur sem taka minni framförum en almennt gerist þarf að skoða sérstaklega.

**Viðmið skólans** er að nemendur nái svipuðum eða meiri framförum en almennt gerist á landsvísu á milli mælinga.

## Stjórnun og fagleg forysta

Áætlun, markmið og viðmið

Þrátt fyrir að heildarendurskoðun hafi ekki farið fram á markmiðum og gæðaviðmiðum skólans um stjórnun og faglega forystu ákvað innra matsteymið að gera lauslegt mat á hver staða skólans væri **vorið 2020**. Þetta er gert til þess að skrásetja hver staðan er til þess að heildar upphafsstaðan liggi a.m.k gróflaga fyrir.

Æskilegt væri að skólastjórnendur færu reglulega í kennslustundir til að fylgjast með og meta gæði kennslunar og veita kennurum markvissa endurgjöf.	Skólastjóri fer í heimsóknir í skólastofur og metur kennsluna, er á skipulagi næsta skólaárs að fara markvisst og hafa þá matstæki um þróun skólastarfs lið 5 til hliðsjónar
Kalla verður eftir upplýsingum um sakaskrá þegar starfsmenn eru ráðnir að skólanum.	Engin starfsmaður ráðinn án þess að skila inn sakavottorði eða gefa leyfi til öflunar gagna úr sakaskrá
Endurskoða þarf skipurit skólans svo það endurspegli gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.	Þarfnast bætingar - verður unnið í uppfærði starfsáætlun 2020-2021



Fagleg forysta þarf að beinast í ríkari mæli að því að fylgja stefnu og samþykktum eftir þannig að þeirra sjái stað í öllum starfsháttum í skólanum.	Kerfisbundið unnið með gæðamat og að fylgja eftir áætlunum sem skólanum ber að standa skil á. Allir helstu þættir í skólastarfinu eru á tímasettri endurskoðun.
Umræða innan skólans um þróun skólastarfs þurfa að vera markvissari og árangursmiðaðri en nú er.	Er orðin markviss og árangursmiðuð en unnið að ennfrekari gæðastarfi.
Setja þarf fram skýra sýn á skólastarfið, hvaða markmiðum stefna skuli að, skilgreina árangurstengd og tímasett viðmið og tilgreina hvernig staðið verður að mati á árangri	Er allt í vinnslu. Endurskoðun á skólastefnu sveitarfélagsins í vinnslu og stefna skólans verður skoðuð í kjölfarið.
Tryggja þarf að skóladagatal uppfylli ákvæði laga og reglugerða	Uppfyllt
Efla þarf samstarf heimili og skóla og formgera það þannig að það verði reglulegur þáttur í starfi skólans.	Hautfundir - opinn skóli - foreldraviðtöl - fræðsluerindi - hátíðir á vegum skólans.

## Heildarskimun

Matsteymi ræðir og metur stöðuna út frá viðmiðum og markmiðum skólans um gæðastarf og gefur einkunn.

## Gæði skólastarfs - út frá gæðaviðmiðum skólans

**RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

**GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta

**LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi

**GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

**Markmið**; að það sé mat innramatsteymis Táknafjarðarskóla að 90% af öllum þáttum um innra mat séu skær **GRÆNIR**

## Grunnskólastig

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

## Leikskólastig

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Leikskólabragur/Mannauður/Foreldrasamstarf	Innra mat
Skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	Skipulag náms og námsaðstæður	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Uppeldi, menntun og starfshættir	Velferð og líðan barna	Gagnasöfnun og vinnubrögð
Stjórnun og daglegur rekstur	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Hlutverk leikskólakennara	Opinber birting og umbætur
Faglegt samstarf	Námssvið leikskólans	Fagmennska starfsfólks	
Leikskólabróun og símenntun	Leikskóli án aðgreiningar	Starfsánægja	
	Mat á námi og velferð barna	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	
		Viðhorf foreldra	

## Umbætur

### [Umbótaáætlun í kjölfar innra mats í Tálknafjarðarskóla](#)

Hvað þarf að gera til að bregðast við? Náðum við markmiðum okkar? Ef ekki þá þarf viðkomandi matsþáttur að fara í formlegt úrbótaferli sem er tímasett og endurmetið á fyrirfram ákveðnum tíma.

## Listi af gögnum

### [Gæðaviðmið innra mat leik- og grunnskólastig - ítarlegar áætlanir með viðmiðum og tímaáætlun](#)

Umbótaáætlun - heildar

Niðurstöður lesferill og samræmd próf; Skólagátt

Niðurstöður Skólapúlsinn

Greining á niðurstöðum Skólapúlsins